

Aðalfundur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Hörpu var haldinn á rafrænu formi þriðjudaginn 21. apríl 2020 og hófst kl. 16:00.

Mættir voru:

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir - stjórnarformaður Hörpu
Árni Geir Pálsson – varaformaður stjórnar Hörpu
Arna Schram – stjórnarmaður Hörpu
Ebba Schram - borgarlögmaður
Steinunn Sigvaldadóttir – sérfræðingur hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti
Svanhildur Konráðsdóttir – forstjóri Hörpu
Berglind Ólafsdóttir – fjármálastjóri Hörpu
Hulda Kristín Magnúsdóttir – starfsmaður Hörpu

Þetta gerðist:

1. Fundarstjórn

Formaður stjórnar setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og lagði til að Svanhildur Konráðsdóttir tæki við fundarstjórn og að Hulda Kristín Magnúsdóttir ritaði fundargerð. Samþykkt.

2. Könnun á lögmæti fundar

Af hálfu hluthafa mætti Steinun Sigvaldadóttir með umboð frá fjármála- og efnahagsráðuneyti (54%) og Ebba Schram borgarlögmaður með umboð frá borgarstjóranum í Reykjavík (46%).

Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

3. Tillaga um frestun dagskrár aðalfundar

Líkt og kom fram í fundarboði dags 7. apríl sl. er einungis eitt mál á dagskrá en það er frestun þeirrar dagskrár sem taka skal fyrir á aðalfundi. Fundinn skal halda fyrir lok apríl hvers árs samkvæmt samþykktum félagsins. Í ljósi þess að ekki hefur tekist að ljúka vinnu með eigendum við breytingar á rekstrargrundvelli Hörpu ohf. í tæka tíð fyrir aðalfund og óvissu um áhrif COVID-19 á rekstur samstæðunnar, lagði stjórn félagsins til við fulltrúa hluthafa að hefðbundnum aðalfundarstörfum verði frestað. Ný dagsetning aðalfundar verður tilkynnt síðar.

Tillaga stjórnar um frestun dagskrár aðalfundar er samþykkt.

Engin önnur mál voru rædd og fundi var slitið kl. 16:10.


Svanhildur Konráðsdóttir


Hulda Kristín Magnúsdóttir